



Milljón á tonn

Samantekt um fiskeldi á Íslandi

2022 – 2024

Fyrirtækjaráðgjöf PwC
September 2025





Um samantektina

PwC hefur tekið saman ýmsar upplýsingar úr ársreikningum 10 valinna fyrirtækja sem stunda fiskeldi á bæði sjó og landi á Íslandi fyrir tímabilið 2022 - 2024.

Tilgangur skýrslunnar er að gefa lesendum heildstæðan samanburð á rekstri og arðsemi fyrirtækjanna.

Val fyrirtækjanna sem eru til skoðunar byggir aðallega á stærð með tilliti til veltu og áætlaðri framleiðslugetu.


Ekki er verið að greina frá öllum þeim fyrirtækjum sem kunna að vera í eldisrekstri. Upplýsingarnar sem fengnar eru úr ársreikningum félaganna gætu náð yfir aðra starfsemi.

Fyrirtækin

	Framleiðsla 2024 (tonn)	Tekjur 2024 (m.kr.)
Arctic Fish Holding AS	10.667	12.079
Arnarlax (Icelandic Salmon AS)	11.700	15.147
Kaldvík hf.	14.965	16.078
Háafell ehf.	8.000	4.873
Samherji fiskeldi ehf.	4.400	4.589
First Water hf.	1.300	1.248
Laxey ehf.	-	208
Thor landeldi ehf.	-	-
Geo Salmo hf.	-	0,2
Matorka ehf.	1.385	1.612
	52.417	55.835

668%

Útflutningsverðmæti eldisafurða (m.kr.)



Heimild: Hagstofan

668% vöxtur útflutningsverðmæta frá 2015 til 2024

Frá árinu 2015 hefur útflutningsverðmæti eldisafurða vaxið úr 7 milljörðum króna upp í 54 milljarða. Þetta jafngildir 17% vexti á ári að jafnaði.

Kröftug uppbygging hefur verið síðustu ár


Mikill uppbygging hefur átt sér stað í fiskeldi á Íslandi undanfarin ár. Í samantekt okkar er litið til umfangs og lykiltalna úr rekstri 10 fyrirtækja í greininni, sem ýmist hafa verið með starfsemi um árabíl og fyrirtækja sem enn eru í uppbyggingarfasa.

2015-2021 var tímabil vaxtar í greininni og var sá vöxtur drifinn áfram af vexti laxeldis í sjó. Alls nam útflutningsverðmæti árið 2024 nærri 54 milljörðum króna og útflutningsverðmæti aukist um 668% frá árinu 2015.

Síðastliðin þrjú ár hefur framleiðsla verið nokkuð stöðug og vöxtur um 5 þúsund tonn á ári í kjölfar fjárfestinga í greininni – ekki síst í landeldi.


Líklegt verður því að telja að á komandi árum muni framleiðsla og útflutningsverðmæti vaxa ört að nýju.

Slátruð tonn



Afurðir úr fiskeldi koma að megninu til frá sjóeldi, en landeldi er í þróun

Skipting eldis (tonn)



Fiskeldi, bæði í sjó og á landi, er atvinnugrein sem hefur vaxið hratt á undanförunum árum og ryður sér nú til rúms á Íslandi. Sjókvíældi hefur hingað til verið meginstoð útflutnings fiskeldisafurða og er í dag mun lengra komið í þróun en landeldi.

Þrjú stærstu fiskeldisfyrirtækin hér á landi eru öll skráð félög. Kaldvík og Arnarlax eru skráð á First North markaðinn á Íslandi, en Arctic Fish er skráð á aðalmarkað í Noregi.


Landeldi er jafnframt í örri uppbyggingu, einkum á Suður- og Suðvesturlandi. Fyrirtæki á borð við First Water og Laxey eru að hefja framleiðslu, á meðan önnur félög vinna að undirbúningi. Gera má ráð fyrir að hlutföll innan greinarinnar taki verulegum breytingum á næstu árum.

Sveiflur eru í tekjum á milli ára

Árið 2024 námu rekstrartekjur fyrirtækjanna sem samantektin nær til alls 55,8 milljörðum króna samanborið við 50,9 milljarða króna árið áður.

Í grafinu að neðan má sjá rekstrartekjur í milljónum króna fyrir fjárhagsárin 2022-2024. Sveiflur í tekjum fyrirtækja sem eru með sjókvíaeldi geta verið töluverðar enda reksturinn háður utanaðkomandi breytum eins og veðurfari og hitastigi sjávar.


Tekjur (m.kr.)




Afkoma er einnig sveiflukennd en heildarframlegð jákvæð

Afkoma fyrirtækjanna er sveiflukennd og ber þess merki að flest fyrirtækin eru enn í uppbyggingarfasa. Síðustu tvö ár hefur verið tap hjá fyrirtækjunum í heild en EBITDA hefur þó verið jákvæð síðustu ár eða 9.710 m.kr árið 2022, 6.195 m.kr árið 2023 og 3.506 m.kr árið 2024.

EBITDA (m.kr.)



Fjárfestingar (e. capex) (m.kr.)



73
milljarðar


Síðastliðin þrjú ár nemur samanlögð fjárfesting fyrirtækjanna sem samantektin nær til um 73 milljörðum króna

Fjárfestingar síðustu ár hafa verið miklar og boðaðar fjárfestingar alls landeldis gætu orðið 400 milljarðar króna


Á undanförunum árum hafa fyrirtækin ráðist í verulegar fjárfestingar og horfur eru á að svo verði áfram næstu árin. Landeldisfyrirtækin First Water og Laxey eru þar fyrirferðamest enda í uppbyggingarfasa.

Eins og fram hefur komið eru mörg fyrirtæki enn í uppbyggingarfasa og hafa boðað áframhaldandi fjárfestingar. Miðað við fram komnar opinberar upplýsingar um fyrirhugaðar fjárfestingar og framleiðslumagn er það mat PwC að heildarfjárfesting boðaðra verkefna sé á bilinu **360-400 milljarðar króna**.

Fjárfestingar (e. capex) (m.kr.)



Eigið fé og skuldir



142

milljarðar


Efnahagur fyrirtækjanna er traustur og í árslok 2024 nam samantlagt eigið fé þeirra um 142 milljörðum króna

Öflug eiginfjárstaða skapar traustan grunn fyrir áframhaldandi uppbyggingu

Eitt af því sem hefur einkennt uppbyggingu fiskeldis á Íslandi undanfarin ár er að fjármögnun verkefna hefur verið traust. Fjárfestingar hafa að verulegu leyti verið fjármagnaðar með hlutafé, bæði frá innlendum fjárfestum sem og erlendum. Í nokkrum tilvikum hefur fjármögnun og uppbygging starfseminnar verið í samstarfi

við fjárfesta með reynslu og þekkingu úr geiranum, einkum frá Noregi. Eiginfjárstaðan er því sterk þrátt fyrir að um unga atvinnugrein sé að ræða sem enn er í fjárfestingar- og uppbyggingarfasa.

Eiginfjárlutfall




Stöðugildi í atvinnugreininni hafa aukist um 151% á tíu árum

Á súluritinu hér að neðan má sjá fjölda stöðugilda samkvæmt ársreikningi. Almennt séð hefur fjöldi stöðugilda aukist á undanförmum árum. Kaldvík er leiðandi í fjölda stöðugilda og eru flest fyrirtækin að bæta við sig starfsfólki ár frá ári.

Þegar horft er á greinina í heild þá hefur fjöldi stöðugilda farið úr 344 árið 2015 í 864 árið 2024 eða 151% fjölgun.

Stöðugildi



Hver er niðurstaðan?



Uppbygging

Samantekt okkar dregur skýrt fram að fiskeldi er atvinnugrein í mikilli uppbyggingu. Framleiðsla hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og störfum í greininni fjölgað. Fyrirséð er að útflutningsverðmæti munu halda áfram að aukast og er þar um að ræða viðbót í útflutningstekjur sem um munar.



Traustur grunnur

Ánægjulegt er að sjá að sá árangur sem náðst hefur byggir á traustum grunni. Fjárhagsstaða fyrirtækjanna í greininni er almennt góð og uppbygging starsfeminnar er að verulegu leyti fjármögnuð með eigin fé.



Deilur eða sátt

Fiskeldi er umdeild atvinnugrein, einkum laxeldi í sjó. Af samantekinni má þó draga þá ályktun að ef hægt er að skapa sátt um greinina, og með hvaða hætti frekari uppbygging á sér stað, er nú þegar til staðar grunnur að öflugri atvinnustafsemi sem hefur burði til að styrkja byggð í landinu og auka útflutningsverðmæti sem um munar.

Örn Valdimarsson

orn.valdimarsson@pwc.com

Ívar Breki Benjamínsson

ivar.benjaminsson@pwc.com